

Umsögn um þingskjal 39 - 39. mál.

Um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra

Öfgar fagna löngu tímabæru átaki er varðar aðgerðir gegn kynferðisbrotum og auknum stuðningi við þolendur þeirra. Við setjum þó spurningarmerki við það að menn sem hafa verið tengdir við meint ofbeldisbrot fái að setja nafn sitt við þingsályktunartillögu þessa. Fyrstu skref í átt að auknum stuðningi og betri aðgerðum væri að vanda betur til verka en að svo geti gerst.

Hvað varðar áherslupunkta númer 1 og 2 þá höldum við áfram að impra á mikilvægi þess að binda ætti í starfssamning lögreglu fólks að þau þurfi að sækja námskeið um kynferðisofbeldi áður en það hefur störf og að sinna þurfi símenntun á x tímabils fresti.

Í áherslupunkti númer 4 er komið vel inn á hvernig rannsóknarskýrslan ætti að vera framkvæmd en að okkar mati vantar þar inn að rannsaka þurfi hversu oft gerendur nýta kerfið gegn þolendum sínum. Hversu oft eru þolendur sem kæra kynferðisbrot kærð til baka fyrir ærumeiðingar eða rangar sakargiftir? Það þarf að finna leiðir til að koma í veg fyrir að það sé möguleiki fyrir gerendur að beita þolendur sína áframhaldandi ofbeldi með aðstoð réttarkerfisins. Við myndum einnig vilja sjá sérstakar breytur eins og lögreglumenn, háttsettir einstaklingar í samfélaginu o.s.frv., settar inn til að athuga hvort sakfellingarhlutföll séu hærrí í þeim málum en öðrum. Eins og við höfum nefnt áður þyrfti að taka til skoðunar sönnunarbyrði í málum er varða kynbundið ofbeldi, sem er oftast ekki beitt í skjóli friðhelgi einkalífsins, til að hægt sé að finna úrlausn þar sem þetta hefur áhrif á niðurfellingar hlutfall mála.

Áherslupunkt númer 7 skortir að nefna að sérstaklega sé þörf á að tryggja að þessi opinberi stuðningur verði einnig efldur utan höfuðborgarsvæðisins. Það þarf einnig að auka stuðningsúræði fyrir börn yngri en 14 ára.

Að öðru leyti hvetjum við til að þessi þingsályktunartillaga verði samþykkt og ítrekum mikilvægi þess að aðgerðaráætlunin verði unnin í samráði við þolendur og fólk sem hefur sérfræðipækkingu í málaflokknum.

Fyrir hönd Öfga,
Tanja Mjöll Ísfjörð Magnúsdóttir og Þórhildur Gyða Arnarsdóttir.

